Snorri Sigurðsson
og
Guðrún Oddsdóttir.

Rv. 1845.

# Rædur

og

# Æfiminningar

eptir hjónin

## Snorra bónda Sigurdarson

og

## Gudrúnu Oddsdóttir

frá

## Engey.

Landsbókasafn

Reykjavík 1845.

Prentadar á kostnad erfingja þeirra,
af Helga Helgasyni.

I.

# Ræda

haldin við jarðarför

# Snorra bónda Sigurðarsonar

þann 19da Nóvember 1841

af

Dómkirkjupresti H. G. Thordarsen.

Riddara af Danneborgsorðunni.

---

Guðs Andi, segir svo: (Opinbr. 14, 13.) sælir eru hinir framliðnu, sem í Drottni deya — já Andinn segir, að þeir skuli hvílast af öllu þeirra erfiði, en þeirra verk fylgja þeim eptir *).

Vér sem lifum, erum vanir að prísa þá sæla, sem dánir eru, og játum með því, að vér ekki álítum oss sjálfa sæla, að það sé eitthvað sem oss alla áskorti, en einkanlega prísum vér hina framliðnu sæla, þegar

*) Sonur hins framliðna mæltist til að þessi texti væri öðrum fremur valinn við þetta tækifæri.

vér vissum, ad þeir áttu vid bágan kost ad búa, og segjum þá med Sýrak: O daudi, hvörsu vel gjörir þú vid hinn naudstadda, vid þann, sem veikur er og gamall, og vefst í alskyns sorg, og ei hefir neins betra ad vona, né eptir ad bída. Og þó einhvör alla æfi hafi lánsmadúr verid, þá kémur þó þar, ad vér fögnum yfir hans frelsi; á þeim tíma, þá vaktararnir í húsinu skjálfa, og þeir sterku verda ad beygja sig, mylnurnar standa tómar, af því þær eru ordnar svo fáar, og sýnin er myrk útum gluggana; og þó menn hafi beig af daudanum, medan allt leikur í lyndi, edur menn enn eru á yngri árum, þá segja menn þó, þegar svo er komid: Ottast þú eigi daudann, hugsa ad þad er svo af Drottni tilskikkad yfir öllu holdi, bædi þeirra, sem fyrir þig hafa verid, og eptir þig munu koma.

En þegar vér nú prísum þá sæla, sem dánir eru, þá má þad koma af því, ad vér ætlum þeim muni betur vegna eptir enn ádur, og þad sæmir hvörjum gódum kristnum, sem finnur til sjálfs síns breiskleika, ad fylgja medbrædrum sínum til grafarinnar, med þessari háleitu vón. En vér meigum samt ei gleyma Guds ordi; en þad er ei Guds ord, ad allir framlidnir séu sælir, heldur segir þad, ad þeir séu sælir, sem í Drottni deya — því þó vér séum dánir, er ei miklu aflokid, þar sem þar á eptir kémur dómurinn, og ad vísu mun engi þar géta réttlætt sig af verkunum, edur álitist hreinn frammi fyrir honum, fyrir hvörjum himnanna himnar ekki eru hreinir; en vor réttlæting mun koma af trúnni, og veitast oss af nád Guds fyrir Drottinn Jesúm Krist — og

Gud mun skipta þeim er fyrir dómstólinn koma, bædi til hægri og vinstri handar, og mun stadfesta djúp mikid milli hvørutveggi, en hvar hvør verdur settur, mun undir því komid, hvørnig hann dó; en hvørnig hann dó, er bundid vid þad hvørnig hann lifdi — þeir einir meigu því sælir kallast, sem dóu í Drottni, af því þeir høfdu lifad í Drottni; en ad lifa og deya í Drottni, hvad er þad annad, enn ad hafa vandad framferdi sitt, bædi fyrir Gudi og mønnum, gégnt rækilega skyldum sínum, og varid vel því pundi, sem Gud hafdi manni géfid, svo menn gátu skilid hér vid med rólegri samvitsku, og gódu sonarlegu trúnadartrausti til Guds, svo menn deyandi gátu hnígid í hans fadm, eins og barnid, sem fleygir sér í fadminn á fødur sínum.

En því eru þeir nú svo sælir, sem þannig deya í Drottni? Þeir munu, segir Andinn: hvílast af øllu þeirra erfidi. Vér meigum med engu móti láta oss í hug koma, ad Guds barna hvíld sé innifalin í ydju- og adgérda-leysi; einsog ydjuleysi hér er synd, svo mun þad æfinlega fjarlægja frá Gudi, og vera honum til vinstri handar, en eilífur verknadur og ydjusemi, vera honum til hægri handar — hvíld frá erfidi, þýdir hér því lausn frá øllum þeim margføldu mædum þessa lífs, er menn hafa tekid í arf med syndinni, svo ad þegar vér í Guds ríki erum frelsadir ordnir frá syndinni, þá mun ei leingur nein mæda eda harmur ná til vor, heldur munum vér njóta óumrædilegs fridar og fagnadar í heiløgum Anda. — Þeir sem í Drottni eru dánir, munu þar hvílast frá øllu þeirra erfidi — þar hefir einn enda,

øll jarðnesk lýðan, Guð mun afþerra øll þeirra tár, og þar mun ei leingur heyrast harmur né kveinan. En svo mikið, sem í er varið þessa sælutegund, þá hefir þó Guð ætlað børnum sínum aðra meiri, þá er ekkért auga hefir sjeð, ekkért eyra heyrt, og ei hefir í nokkurs manns hug eður hjarta komið. Engi maður er svo vitur, að hann kunni að gjøra skíra grein fyrir því, hvað Guð hafi þeim fyrirhugað, sem hann elska og hans boðorð varðveita. Vor texti upplýsir það ei að fullu, þó seigir hann: að þeirra verk muni fylgja þeim á eptir, og géfur þar með í skyn að meðvitund umliðinnar æfi og breytni, muni verða eins og grundvøllur sá, á hvørjum byggjast muni og vaxa sú sælan, sem hinum trúlyndu Drottins þjónum er ætluð, og bendir þannig til þess, að vor komandi sæla, sé nákvæmlega sameinuð við vora umliðnu breytni, eins og sagt væri: eins og einn hefir lifað, svo mun hann deya, og eins og hann dó svo mun honum líða.

Þetta líf er undirbúníngur undir hið komanda, og hið komandi er framhald af þessu — dauðinn er ei annað enn vistaskipti, en seinni vistin, mun fara eptir því, hvørnig vér høfum þjónað í hinni fyrri — því vor verk fylgja oss eptir — þetta er allt sem vér vitum, og þetta þurfum vér opt að brýna bæði fyrir sjálfum oss og øðrum; og hvenær, sem vér fylgjum meðbræðrum vorum til grafarinnar, er það vor æðsta gleði, þegar vér gétum sagt: Sæll er hinn framliðni því hann er dáinn í Drottni — því þá segir Andinn oss um leið, að hann muni hvílast af øllu sínu erfiði og að hans verk fylgi

honum eptir. Þetta sama segir Andinn oss í dag, er vér fylgjum til grafarinnar því heidarlega og ráðvanda gamalmenni Snorra sáluga Sigurdarsyni frá Eingey. Gud leiddi hann á háan aldur, og gaf honum nád til ad gánga lángan veg, med heidri og sóma, svo hann nú er kominn til grafarinnar med óspiltu og flekklausu mannordi; med þeim ordstýr sem ei mun deya, af því vyrdíng og elska hafa afrekad honum hann, — þad er kransinn, sem bædi nákomnir og vandalausir hafa fléttad, og leggja í dag á Kistu hans. En eg vil nú helst láta líf hans lýsa sér sjálft, med því ad segja frá, æfi hans, skapferdi, sidum og athøfnum.

Snorri heitinn Sigurdarson, var borinn og barnfæddur hér í Eingey, og finnst í Kyrkjubókum ad hann er skýrdur þann 13 Nóvb: 1754, en ei er þar minnst fædíngardagsins — hann lifdi þar sídan og ól allan sinn aldur, 87 ár, og munu þess fá dœmi ad nokkur hafi svo lengi verid á sama stad, og aldrei dvalid annarstadar ad vistum, og vottar þad strax um stødugl yndi og fastheldni, og þad skaplyndi, sem eyrir vel stødu sinni, og lætur sér lynda.

Ár 1781 giftist hann merkiskonunni Gudrúnu Oddsdóttir, sem lét eptir sig verdskuldad lof fyrir gudrækni, gáfur og gjædsku, og varadi þeirra sambúd til þess ár 1818, í 37 ár, og áttu þau saman 10 børn, af hvørjum enn lifa 5, 3 synir og 2 dætur — þau tóku saman øldúngis bláfátæk, en þad var med frábrugdnum hætti hvørsu Gud blessadi þau, og var þad þó regla Snorra heitins, ad hann aldrei hafdi mikinn útveg, en þeim er hann hafdi, var ad-

dugad. Sjálfur var hann mesti atorkumadur, forstands og prisnadar madur, svo hann bædi dróg mikid ad, hyrdti vel um, og vardi med hagsýni — hann var svo heppinn madur til sjáfar, ad honum varla brást fiskur, þó ei feingi adrir, og svo var um allt, ad hvad, sem hann tók fyrir, þá var sem heppnin fylgdi honum hvervetna. En þad þókti mér merkilegt, svo mikill dugnadarmadur sem hann var, ad ei sást á honum asi, og engi var hann hávadamadur, heldur vann hann allt med hægd og reglubundinni stillíng, eins og hvørgi kjæmi vid hann, og vøndust svo allir, sem á bænum voru eptir honum.

Mér hefir æ sídan verid í minni, er eg í æsku var á heimili hans um tíma, ad þá heyrdi eg aldrei eitt ødru hærra, heyrdi varla svo mikid sem nokkrum manni sagt til verka, og þó var svo unnid, ad ei hefi eg sídan sjed annarstadar fremur. Í umgengni sinni var hann stiltur, jafngédja, en þó vidmótsblídur, rædinn og vidkunnanlegur, samt var þad snid á allri hegdan hans, sem vakti vyrdingu, svo einginn mundi bjóda honum neitt frekt edur ósæmilegt. Lund hans var alvarleg, því eg má med sanni seigja, ad hann var af hjarta gudrækinn, ad síd eldri manna, sem trúna vardveittu eins og sinn besta fjársjód, og héldu ad svo mundu þeir fá best gjætt samvitskunnar. Hans umgeingni, tal og dagfar lýsti því, ad andi gudrækninnar bjó þar í saklausu hjarta.

Snorri heitinn var yfirlætislaus, og hann kalladi ei votta til, þegar hann bad Gud sinn í leynum; gudrækni var honum allt, annan lærdóm mat hann ei mikils, og taldi bændastéttina ødrum stéttum sælli.

Vitsmunum sínum vardi hann mest til búskapar-fyrirhyggju, bar því meir á greind hans en gáfum, hann héldt mjøg med eldri manna háttum, og kunni ei, né unni nýbreytíngum, var þess og eingi von, svo gamall madur, sem hann vard, og jafnan eybúi, ad honum mundi gédjast svo margar tilbreytíngar, er hann sjed hafdi um dagana, (hann hafdi verid hér í 8ta Presta tíd).

Sá sálugi var einhvør mesti rádvendnismadur, og vildi eingann mann ásælast, enn var viss og áreid-anlegur í øllum vidskiptum, vid hvørn sem eiga var, og þó ei bæri mikid á gódgjørdum hans, þá var þad í þessu, eins sem ødru, lund hans, ad hafa ei í hávada, edur vinna sér til fordildar. Hann gjørdi mørgum gott, og þar sem hann tók trygd vid ein-hvørn, þá sleit hann hana aldrei, hann veitti mørg-um ekkjum og munadarlausum hjálp, bædi fyrri og seinna, og eru þeir enn lifandi, sem géta borid hér um, og var hjálp hans opt veruleg, þar sem hann vissi ad báglega var astadt, þótt hann ei breytti svo vid alla alþýdu, enda var víst, ad medan Kona hans lifdi, hvatti hún jafnan til gódverkanna, því hún var høfdíngi, en hann gódmenni. Hvad sem gjalda skyldi, þá galdt hann greidlega, og var einhvør mesti styrk-ur sveitarinnar; þad var til sannindamerkis hérum, ad á strídstímunum (einkum árin 1807—10); héldt hann um tíma 3 ársómaga, sem var þrefaldt vid þad, er þeir lúka nú, er mest hafa útsvar, og um þetta sama leiti, þá hardindi voru mikil hér á Nesinu og þó vídar, lét hann fátækum þaráofan ríflega hjálp í té. Gud láti oss ei lifa adra eins tíma, en kjæmi

þad uppá, mundu vart finnast nú medal vor margir slíkir bjargvættir, og er oss hollt ad minnast þess, hvørju hinir eldri menn hafi afkastad, ad ei gjørum vér meir úr oss, enn sønn røk eru til. Héradauki uppól hann marga únglínga, bædi af sveit og adra, er hjá honum nádu þrifnadi og urdu ad dugandismønnum. Hann var einhvør uppbyggilegasti bóndi þessarar sveitar, bædi med þessum hætti, sem nú er frásagt, og þó ei sídur med eptirdæmi sínu, bædi á heimili og af; hjónin geingu á undan ødrum med gódu eptirdæmi, innrættu øllum vyrdíngu fyrir dygd, gudrækni og sóma, børnin lærdu audsveipni og vyrdíngu fyrir foreldrunum, og eg þori ad fullyrda ad enginn gat sá verid staddur í Eingey, þó um lítinn tíma væri, er ei færi þadan med vyrdíngu fyrir þeim sidgjædum er hann sá þar á heimilinu.

Sá sálugi var og alla æfi, hvar sem hann kom, hinn mesti reglumadur, og hinn sídprúdasti, svo hann var í metum hjáríkari og fátækari, og hjá høfdíngjum, sem vyrdtu hann fyrir hvørutveggi, rádvendni hans og dugnad, og kann eg ad nefna medal þessara, Stiptamtmann Olaf Stephensen, Biskupinn riddara Geir Vídalin og Konferensrád Magnús Stephensen, og fl.; en Prestunum gat ei annad enn sá madur verid einkarkjær, er søfnudinum var til svo ágjætrar fyrirmyndar, því þeirra afhald á sóknarbørnum þeirra, er mest undirkomid mannkostum hvørs eins, og þeim er, edur á ad vera, hvør sá kjær, sem gjørir Guds vilja.

Snorri heitinn var hraustur um æfi sína, og lá aldrei sóttveikur, en sem aldur færdist yfir hann

dapradist honum sýn, hvørja hann algjørlega misti fyrir hérumbil 11 árum, og, med því þá knúdi hann ekkért til umsýslu, er børn hans voru uppkomin, en elli og sjónleysi færdist yfir hann sjálfann, þá hætti hann búskap, og héldt sig hjá teingdasyni sínum Pétri Gudmundssyni, en þegar hann ei leingur gat haft hin fornu umsvif og hreifíngu, veiktist hann smámsaman, þó ei bæri á því til muna, fyrr énn þetta seinasta ár, en það var med hægd, og líf hans slokknadi sem ljós, er blídlega hafdi logad, en aldrei blossad upp; hann tók helga þjónustu fáum døgum ádur, og var hann þá med rænu, þótt veikur væri; hann skildi vid þenna heim þann 12ta þ. m., er hann hafdi fulla 7 um áttrædt, eldstur madur í þessum søfnudi. Hygg eg hann muni af þeim mønnum, sem nú lifa, hafa sjed hvad flesta afkomendur svo lángt fram — sjálfs hans børn voru 11, barnabørn 37, en barnabarnabørn 17, og munu allir mæla, ad sé einhvør efnilegasti og mannvænlegasti ættstofn, og sá hann engann af þessum mørgu afkomendum rata i neina óhamíngju.

En þegar eg nú ad liktum lít yfir líf Snorra sáluga; þá er þessi meiníng mín, ad hann ei hafdi neinn einstaka eginlegleika svo til afbrygda, ad ei mætti finna hjá fleiri bændum til jafnadar eda máské fremur í sumu, en eg tel honum það mest til gyldis, ad hann vantadi það ekkért, er dugandismanninn prýdir, því margir eru afbragdsmenn í sumu, en skortir þá til í ødru, en hans kostir voru jafnir, kannské í engu frammúrskarandi, en þess farsælli, þegar engin bar annan ofurlida, heldur sameinudust í fag-

urri einíngu, til ad gjøra hann ad sóma bændastéttarinnar og mannfélagsins. Hann var gudrækinn og trúmadur mikill, enn þó fyrir þad eins fallinn, til ad gégna þessum heimi og hans skyldum, — hann var rádvandur og einfaldur, en þó lét hann ei heiminn blekkja sig né tæla, — hann var gódmenni mikid, en þó reglufastur og stødulyndur, — hann var starfsmadur mikill, en þó aldrei ónærgjætinn, hvørki vid sjálfann sig né adra, — hann var hóglátur í allri umgéngni, en kénndi þó ødrum ad vyrda sig, og er þad álíktun mín, ad flestir farsællegir hlutir, hafi honum verid vel géfnir.

Hafi eg nú þreytt þolinmædi tilheyrenda minna, þá bid eg mér fyrirgéfist þad, eg hefi skjaldan átt ad mæla eptir merkisbændur, en eg met þá, sem stod og styttu landsins, og þar sem þeir vinna svo mikid, fyrir oss í verki, má ei minna vera, en þó vér med ordinu leitumst vid ad uppihalda þeirra minníngu. Hitt er annad ad eg þekkti hinn sáluga merkismann, í æsku minni, en menn gjørast þá jafnan tølugir, er menn minnast þess, er vidbar á þeim árunum. En þad vildi eg hafa nidurlag þessara orda: „ad svo mundi eg bændur kjósa, sem Snorri heitinn Sigurdarson var í Eingey".

Þannig var þeim manni varid, sem nú liggur nár í þessari kystu, hann lifdi og dó í Drottni, þess vegna, segir Andinn oss: ad hann hvíli af øllu sínu erfidi, og ad hans verk fylgi honum eptir; hann trega ræktarsøm børn, og mikill skari ættíngja og vandamanna, sem allir høfdu audsýnt honum vyrdíngu í lifanda lífi, og kunna nú ei vid sig, eptir

ad hann er frá þeim tekinn, þó þeir viti, að þessa var von, svo háaldradur, sem hann var ordinn, — svo er elskunni og vyrdíngunni varid, ad hún gétur ei slitid vid sig søknud. En þid børn og adrir náúngar vitid, ad nú fyrst, hvílist hann af øllu sínu erfidi — látid hinn þreytta hvílast! — þid vitid ad hann er sæll, lofid Gud fyrir hans hvíld!. En hann standi medal ykkar, fyrir hugskotsins sjónum, eins og fagurt eptirdæmi mannkostanna, og þid skulud láta barnabarnabørnin heyra, hvørnig hann hegdadi sér, sem eginmadur, fadir og húsbóndi, hvørnig hann rækti helga trú, unni gódum sidum, en vann þó dyggilega ad dagsverki sínu; þid skulud láta hann lifa, þó hann sé dáinn; — med þessum ásetníngi viljid þid heidra minníngu hans — med þessum ásetníngi viljid þid skiljast vid grøf hans: Ekkért er hér ángursefni, hann var ordinn saddur lífdaganna, og beiddi eflaust sjálfur Gud, ad láta nú þjón sinn í fridi fara. Med einfaldri trú hafdi hann geingid fyrir Guds augliti, hvøred verid hafdi hans hjálp, allti frá hans æsku, og ekki yfirgaf hann, þegar hann var gamall ordinn, hvørs vegna hann gat sagt á banadægri: þú, Drottinn! hefir frelsad sálu mína, frá daudanum, mín augu frá tárum, minn fót frá falli! hann gat sagt þad, því hann lifdi og dó sem stakur lánsmadur.

Loksins kved eg þig fullsæli vin! þótt þú nú fyrst sért hédan farin, þá er þó minníng þín, samfléttud æskudraumum mínum, þad er sem hafir þú borid mér vinsamlega kvedju frá forfedrunum, vid hverja þú hafdir talad, med hverjum þú hafdir verid,

þín raust var mér ekki, sem þeirra manna, er nú eru uppi, heldur var sem kjæmi hún úr hélgidómi lángt umlidinna tíma; en nú ertu lidinn, og þeir menn, vid hverja þú áttir tal og samskipti í æsku þinni, eru fallnir frá, hvert eru þeir farnir? grafirnar hafa opnad sig og sveipad þá myrkrum næturinnar — tímans freidandi bylgjur hafa geingid yfir þá, og hulid þá í døkku djúpi; en Andi Guds sveimar yfir lád og løg, og segir: ad moldin hljóti ad hverfa aptur til jardarinnar, af hverri hún er komin, en Andinn fari til Guds, sem gaf hann. Hid góda, sanna og Gudi þóknanlega, er himnesks edlis, og høfudsképnurnar géta ei grandad því, og daudinn hefir ekkért vald yfir þeim, sem vinna, lifa og deya, fyrir þad, heldur eru þeir inngeingnir til hins lifanda Guds stadar, til óteljandi einglaskara, og til fullkomlega réttlátra Anda, og til Guds alsherjar dómara; þángad ert einnig þú kominn, æruverda gamalmenni! þú sem hafdir trúlega barist þinni baráttu, og vardveitt trúna og góda samvitsku, — jørdin mun geyma líkama þinn, — vér munum geyma minníngu þína, en sála þín er geymd hjá Gudi. Amen!

---

Hér er lagdur
líkami slitinn af önn og árum
**Snorra** bónda **Sigurdarsonar**
frá **Engey**.
Hann var þar fæddur 13da d. Nóvembr 1754.
Fyllti þar 87 ár, þá hann dó 12ta d. Nóvembr
1 8 4 1
þá ordinn 65 nidja
fadir, afi og lángafi
í hjónabandi 37 ár.

---

Hann var heidursfélagi
heidradrar stéttar,
bædi ad atorku og aldri;
neytti gáfna Guds
Guds ad bodi,
þurfandi bródur til þarfa.

---

Stundadu, landi! starf ad vanda þitt!
Hvert sem einn er ædra' eda lægra settur,
er hann Drottins verkamadur réttur.
Í hendur pundid hverjum fékk hann sitt.

Bændastétt! þú bygdar öblug stod,
rík ad dygd og rík ásamt ad skyldu,
ræktu kall þitt, ödlíngs dæmi fylgdu!
fyllir þú þá födurlandsins bod.

Svo minntist
Th. S.

# Laurber á Nábedi
## Góðfrægs
## Snorra bónda Sigurdarsonar
sendt hans Erfíngjum

af þeim sem

Góðann Tregar.

---

Lágið: Nú grætur mikinn Møg.

1. Frændur og fé, sem þú,
føl nar og leggst í dá,
er reglan øllu sú
øndverdu géfin frá,
einn veit eg ætíð lifa:
dóminn þann, er hvør daudur á.

2. Nú syrgir følsann fold,
fyrr þann skraut hennar bar,
nú byrgir bein þau mold,
best er til saknadar,
unnu hjá ædri og lægri,
þeirra, sem nutu návistar.

3. Þar Snorri Sigurdsson,
sáladur legstad á,

uppfyllt er vel hans von,
verdlaunum þeim ad ná,
heitin sem øllum eru,
er sama rakid feril fá.
4. Andinn burtleid sem ljós,
ljós þad mjøg fagurt brann,
er samt þess uppi hrós,
aldrei sem dofna kann,
á slíkt til eptirbreytnis,
adgjætinn sérhvørn eggja mann.
5. Enn látni í brjósti bar,
blídt géd, en tál=laust þó,
heimili høfdu þar,
hóglæti og sinnisró,
farsælum gáfum gjæddur,
lánsmadur þessi lifdi og dó.
6. Idinn fyrir utan slægd,
auds hann og sóma naut,
síglađur, samt med hægd,
sigrast lét ei vid þraut,
gódfús og gøfuglyndur,
vinfastur jafnan, vinsæld hlaut.
7. Trúrækinn gladdi géd,
gjálífi sinnti ei par,
rádvandur rósemd med
rækt skyldna fús á var,
raungódur, reglubundinn,
nærgjætni eins vid adra bar.
8. Allir sem unna trygd,
af alúd sakna hans,
ens kunna ad dug og dygd,

dánu = og snildar = manns,
gráhærdu gamalmenni,
hæfir þvilíku heidur krans.

9. Nú er hann numinn fjær,
Náúngar kveina og Børn,
hefir oss høggvid nær,
Heljar sigd meidsla gjørn,
saknadar sárid blædir
sú er þó ein mót sorgum vørn.

10. Ad lifum von þá vid,
vér meigum aptur sjást,
ørstutta eptir bid,
og þar samhuga dást,
Forsjónar fá ad gjædsku,
er um megn lætur engann þjást.

11. Fluttur á fridar lønd,
fagnar nú andi þinn,
lausn vìd øll líkhams bønd,
lofandi þann hvørt sinn,
øldrudum er hvíld veitti
verkin dags eptir velunnin.

---

## II.

# Ræda

haldin vid jardarför

## Gudrúnar Oddsdóttur

þann 5ta Nóvember 1818

af

## Stiptprófasti A. Helgasyni.

Riddara af Danneborgsordunni.

---

Þegar vor Frelsari var kalladur til ad lækna dóttur kóngsmannsins Jairi, vard hann þess var, ad sorgarlæti voru byrjud í födursins húsi, annadhvört af því ad stúlkan var þegar látin, edur af því, ad hún var daudvona, og þá taladi hann þessi merkilegu ord, í því hann vísadi fólkinu, sem sorgarlætin hafdi, úr húsinu: ekki er stúlkan daud, heldur sefur hún.

Þó þessi ord væru upphaflega í þeim tilgángi tölud, ad géfa þeim sorgandi náúngum og vinum hinnar framlidnu meyar, von um hennar endurlífgun, benda þau oss eingu ad sídur til þess, hvernig

daudinn sé réttast álitinn; ef þad má heita, ad hinn framlidni sofi, svo er daudinn ekki annad enn svefn.

Vér erum af náttúrunni svo gérdir, ad oss stendur ótti af daudanum; fyrst vér gétum ekki daudann umflúid, hljótum vér ad læra ad bída hans øruggir, því óttinn hefur kvøl, og ef ad vér alla æfi hrædumst daudann, svo høfum vér alla æfi kvøl. Eitt medal til ad útrýma daudans hrædslu úr vorum hjørtum er þetta: ad gjøra oss eiginlega þá bendíngu sem Jesús géfur í áminnstum ordum: ekki er Stúlkan daud, heldur sefur hún, eiginlega, ad svo miklu leiti, ad vér temjum oss ad álíta daudann líkastan svefni; en ekki einasta til þess ad útríma frá sjálfum oss hrædslu fyrir daudanum, er oss naudsynlegt ad íminda oss daudann líkastan svefni, heldur og vegna þeirrar sorgar, er tídum heimsækir oss vid ástvina missir, Ef vér temjum oss ad álíta daudann sem svefn, mun oss ekki standa ótti af honum, þá hann seigir til sín í voru húsi, vér mundum þá ekki heldur hriggjast úr hófi, þó vinir vorir, eptir leingri eda skémri vøku og størf æfidaganna, feingju blund og hvíld næturinnar, framar mundi oss sjálfum þikja girnilegt, ef vér álítum daudann líkan svefni, einkum þegar elli eda heilsu brestur tekur ad draga nidur kroppinn og med honum vorn Anda, oss mundi, seigi eg, framar þikja þá girnilegt ad leysast hédan og fá hvíld fyrir þraut og svefn fyrir erfida vøku. En þad sem oss þætti girnilegt fyrir oss sjálfa, þad hid sama mundum vér álíta tilhlýdilegt ad kjósa fyrir vora ástvini, einkum þegar vissum ad þeir voru med voru

skapi og fundu betra hédan ad fara og vera med Kristi.

Alltíd var þad hyggnum mønnum medal heidíngja, ad íminda sér daudann sem svefn; í gamlatestamentisins bókum koma og fyrir þesshattar greinir, ad audsjed er, ad medal Gydínga hefur verid venjulegt ad ímynda sér daudann sem svefn, þar sem talad er í þeim helgu bókum um andlát konúnga eda nefndarmanna, kvedur einatt svo ad ordi: hann sofnadi med sínum fedrum.

Þad er ekki nein raung ímindan ad líkja daudanum vid svefn, þad er ekki án orsaka ad svefninn kallast daudans bródir, því margt er med þeim líkt. Einginn veit þad augnablik, á hverju svefninn yfir hann færist, svo veit eingin þad augnablik, á hverju hann hnígur í daudans dá. Svefninn gjørir hvern einn óhæfilegan til allra starfa, sá andadi gétur ei heldur starfad. Medan svefninn hjá manni dvelur, gleymir hann allri sinni armædu, og volædi, þegar daudinn kémur, þá er øll lífsins mæda á enda; svefninn endurnærir og hressir mannsins krapta, daudans hvíld trúum vér, ad ei ad eins muni taka frá oss allan lífsins lúa, heldur útvega oss ædri krapta heldurenn þá sem hér þreytast, og sýnast loks eidast. Þegar vér athugum þetta, má oss vyrdast ad daudinn sé næsta líkur svefni, en ef hann er líkur svefni, ætti hann þá ad vera oss óttalegur? eda ættum vér ad una því illa, ad hann heimsækir vora ástvini, og frelsar þá frá lífsins þreytu og þrautum, hann veitir oss og þeim holla hvíld, hann gjørir enn meir, hann flytur oss og þá frá lífsins

armædu til vors rétta fødurlands, til Guds, hvar vér í stad erfidis eigum von á hvíld, í stad volædis á sælu. Oss er ad sønnu náttúrlegt ad hrædast daudann, svo erum vér gérdir, og ekki án orsaka, heldur til þess, ad einginn, á móti tilætlan þess sem gaf lífid, þegar mædu hlutfall kémur, kasti frá sér þessari gjøf, og þannig svipti sig sjálfann mørgu tækifæri til æfíngar í þeirri reynsluſtétt, sem manni er nú úthlutud, og til þeirrar fullkomnunar, sem ekki lærist nema í mótgángsins skóla. En vitsins gáfa er oss veitt til þess, ad vér med því løgum og stírum vorum náttúrlegu tilhneigíngum, og þá eins þessari náttúrlegu hrædslu fyrir daudanum, svo ad í voru valdi er, ad gjøra oss hinn beiska kaleik sætan. Sømuleidis gétum vér med vitinu deift þá sorg, sem náttúrlega heimsækir oss, þegar daudinn kippir í burt vorum ástvinum. Pad volædi sem daudinn frelsar gudhrædda frá, og sú sæla sem hann flytur þá til, ætti oss einkum ad koma til hugar, vid slík tækifæri, og þessi tilhugsan ætti ad kénna oss, ad bera þó ad minnsta kosti med jafnadargédi saknadarins óvidkunnanlegleika; vér ættum, þegar svo ber undir ad muna, ekki einasta til þess, sem vér høfum mist, heldur og til þess, sem vorir vinir hafa hreppt; vér ættum ad muna hverr sá er, sem rædur lífi og dauda manna, og vita ad hann á hentugum tíma kallar oss hédan og seigir: komid aptur þér mannanna børn.

Hér hefir nú daudinn skorid á lífs-þrád merkiskonu **Gudrúnar Oddsdóttur**, sem fæddist þann 25ta Maji 1751, giftist 5ta Janúar 1781, en sáladist þann 1ta Nóv: 1818. Aldur hennar hefur

þá verid 67 ár, og saman vid mann sinn bjó hún hardtnær 37 ár, og fæddi honum 10 børn, hvar af 5 eru á lífi, sum af þessum hafa til muna fjølgad ættum. Vøkutími þessarar konu var þá ordinn tøluverdur, en þad gjørir mesta muninn, hvernig vakad er, þessi kona vakti trúlega, hún gróf ekki sitt pund í jørdu, heldur stundadi sína køllun med allri alúd; hún elskadi sitt heimili, var Manns síns trúføst ønnur hønd, barna og hjúa gód módir, og er þad ei lítil nafnbót, ad bera þad nafn med réttu; þær meiga varla mædur heita, sem ætla þá allri skyldu vid børn sín fullnægt, þegar komid hafa nafninu á, ad annast ad sínu leiti þeirra líkamlegu þarfir, sú sem hér sefur, var ekki ein af þeim hópnum, hún ól sín afkvæmi upp í aga og umvøndun Drottíns, til dugnadar og gudhrædslu, eins og hún var sjálf, dugleg og gudhrædd, þess munu þaug og leingi menjar bera. En hún var ekki ad eins módir sinna barna, heldur og sinna hjúa, og munadarleysíngja sem Drottinn lét komast undir hennar þak, í einu ordi: mikil kona í sinni stétt.

Þegar nú konan var þvílík, sem í færstu ordum er ávikid, þá er því meiri eptirsjón ad henni, einkum þeim er henni stódu sem næst, því heldur er náttúrlegt, ad þessum sárni ad hún er nú burtkøllud, því er mannsins unun og adstod frá honum tekin, ekki gétur munnur hennar, sem sefur, leingur talad heilrædi og gudlegar áminníngar, børnum og barnabørnum, og med þeim hvatt til gudhrædslu og mannkosta. Eingin láir þeim sem slíkrar konu hafa mist, þótt þeir felli tár; en sorgina gétid þér, og eigid þér ad

sefa, med því viti sem ydur er géfid og þeirri umhyxan, sem helst gétur gladt af einum syrgjandi ástvin. Hyxid til þess sem Jesús sagdi um dóttur Jairi: ekki er stúlkan daud, heldur sefur hún. Þad er tími fyrir hendi, á hverjum sannast mun, ad þeir sem vér köllum dauda, þeir verda vaktir, eins og þeir sem sofa, þegar sá kémur aptur, sem hér var fyrrum á Jardríki, til ad flytja þá til sín sem honum tilheyra, þá mun sjást, ad ekki var útgjört um þá framlidnu, heldur sváfu þeir.

Hafi hann í sinni nidurlægíngu, med einu ordi, géfid daudum líf, mun honum ekki um megn, þegar hann kémur í dýrd sinni, med Einglum Guds, ad vekja þá sem ádur sváfu í jardarinnar skauti.

Þessu næst þá hyggid ad, hversu tilhlýdilegt mönnum er, ad sættast á Forsjónarinnar rádstafanir; látid ydur þad lynda, ad Gud nú gaf aldradri og þreittri konu og módur hvíld, eptir vel af hendi leyst dags erfidi; þér gétid ei um þad efast, ad hún sé sofnud á hentugum tíma. Minnist med innilegu þakklæti vid forsjón Guds, alls þess góda, sem ydur féll í skaut, fyrir milligaungu þessarar gódu konu, þessarar gudhræddu skinsömu ástúdlegu módur; þakkid þad Gudi, syrgjandi ektamadur, ad sú sem þér áttud, elskudud, og var þess verdug ad elskud væri, hún er komin á hentugum tíma, ef ei fyrir ydur, þá fyrir hana, frá mædu lífsins og ellinnar, ad hún er sofnud. Ydar æfi lídur, á sínum tíma fáid þér og ad sofna, eptir starfsama æfi, þegar þeim mikla húsfödur sýnist tími tilkominn ad þér fáid hvíld, — hinn

sami vekur ydur og bædi, þegar útsofid hafid, og eptir þad, er hverki til sorg né sorgar skilnadur.

Skémtid ydur, þángad til sá tími kémur, vid þaug afkvæmi sem Gud blessadi ydar ástir med, og sem hún med kristilegu uppfóstri, hjálpadi til ad gjøra sér lík, sem er komin til þeirra, sem á undan henni voru farin, til Guds, hverra moldir ásamt hennar, hvílast í jardarinnar skauti.

Enn, þinn andi, þú framlidna! hvíli hann yfir þínum ættlegg, og láti marga þína líka af þér lifna. Hvert þad heimili mun sælt, hvar ønnur eins módir og húsmódir sem þú varst, hefur innanhúss stjórn, því þú varst verdug til ad vera fyrirmind þíns kyns og stands, þín laun eru hjá Gudi, og þín laun eru mikil. Amen.

Hér geimast moldir merkiskonu
**Gudrúnar Oddsdóttúr**
er fæddist 25ta Mai 1751
giptist 5ta Janúarii 1781
**Snorra** bónda **Sigurdarsyni**,
en deydi 1ta Nóvember 1818
tíu barna merkileg módir.

---

Þú sem lítur á gudrækni og gáfur,
gédprídi / reynslu og samvitsku frid —
Þú sem heidrar góda módur og maka,
og þad blída brjóst sem ei gat aumt vitad —
Þú munt færri finna hennar líka. —

---

Blessud ímynd besta hjarta
berist dætrum þessa lands;
sú skal ekki sídur skarta
þó sé í bygdum lægra stands.
Bóndakonan besta hér,
blessud dæmi gaf af sér
til sóma **lifdi'** hún sínu kyni
til sorgar **dó** hún dygdarvini.

Th.

---


# Saknadar Stef
eptir
# Gudrúnu Oddsdóttur.

---

1. Geyst enn á gaddi snýst
gjæfunnar brygdult hjól
ángur megnt af því hlýtst,
í tekur fjúka skjól,
og af søknudi sárum
harma skúr gledi hilja sól.
2. Nidur á haudur hné
hardri af bana sigd,
alblómgad aldin tré,
er þessa skreitti bygd,
lauf bar þad lífs um stundir,
árvekni, trúleik, idni, dygd.
3. Eik varstú inndæl hér
enn þótt føl liggir nú,
eik nær slík yndi lér?
audfeingin mun ei sú,
Gudrún Oddsdóttir dýra!
allmørgum hælis unntir þú.
4. Horfinnar harmar lát
hjartfólginn Ekkill nú,
saknadar súrt munngát

súpa kjær børn og hjú
í minníng módur? sinnar,
hver ed var bædi holl og trú.
5. Von er ad veki hrigd,
vinanna missir súr,
er þeir sem unna trigd
í falla banadúr,
einkum þá enir látnu
voru fyrr skjól og verndar múr.
6. Enn þú, sem orpin mold
ert hulin vorri sýn,
mørgum varst manni á fold
er mátti ná til þín,
módir, ja mædrum betri,
ordstýr þinn slíkur aldrei dvín.
7. Þó vilji hjørtun hrjá,
helbrodda sárin stríd,
samt alla sefar þrá,
samfunda vonin blíd,
sof módir! sof í fridi,
uns med útvøldum vakna lýd.

---



Lbs - Íslandssafn
100438903 - 4

